

# Erlendir ferðamenn á Norðurlandi 2010-2015



**Ljósmyndir:** Rögnvaldur Guðmundsson.

**Kápu mynd:** Frank Bradford frá Skotlandi bregður á leik í Bátahúsi Síldarminjasafnsins á Siglufirði.

# Erlendir ferðamenn á Norðurlandi 2010-2015



*Gamli bærinn í Glaumbæ í Skagafirði.*

**Samantekt unnin fyrir  
Markaðsstofu Norðurlands  
mars 2016**



**Markaðsstofa Norðurlands**  
nordurland.is

**Höfundur: Rögnvaldur Guðmundsson**

Rannsóknir og ráðgjöf ferðaþjónustunnar ehf  
Erluhrauni 4, 220 Hafnarfirði  
rognvaldur@rrf.is



# Efnisyfirlit

---

	<b>Helstu niðurstöður</b>	<b>1</b>
<b>1.0</b>	<b>Inngangur</b>	<b>3</b>
1.1	Kannanir sem stuðst er við	3
1.2	Úrvinnsla	3
<b>2.0</b>	<b>Erlendir ferðamenn á Íslandi 2004-2015</b>	<b>5</b>
2.1	Ferðamenn með flugi og ferju, gistinætur þeirra og samsetning	5
2.2	Ferðamáti og farartæki	7
2.3	Ferðamenn með skemmtiferðaskipum	8
2.4	Allir ferðamenn á Íslandi 2004-2015	8
<b>3.0</b>	<b>Erlendir ferðamenn á Norðurlandi 2010-2015</b>	<b>9</b>
3.1	Erlendir ferðamenn og gistinætur í Húnavatnssýslum	9
3.2	Erlendir ferðamenn og gistinætur í Skagafirði	12
3.3	Erlendir ferðamenn og gistinætur í Eyjafirði	15
3.4	Erlendir ferðamenn og gistinætur í Þingeyjarsýslum	18
3.4.1	<i>Erlendir ferðamenn á Melrakkasléttu og Langanesi</i>	21
3.5	Erlendir ferðamenn á hálendi Norðurlands	22
3.6	Erlendir ferðamenn á Norðurlandi öllu	23



## Helstu niðurstöður

---

### Erlendir ferðamenn á Norðurlandi

---

- Samkvæmt *Dear Visitors* könnun RRF má áætla að 358 þúsund erlendir ferðamenn hafi komið á Norðurland árið 2015 af 1.289 erlendum ferðamönnum til Íslands, eða 28% þeirra. Af þeim er áætlað að 254 þúsund hafi komið að sumri (71%) en 104 þúsund utan þess (29%).
- Það þýðir að 48% erlendra sumargesta á Íslandi 2015 lögðu leið sína á Norðurland en einungis 14% erlendra gesta utan sumars. Á jaðarmánuðunum mars, apríl, maí, september og október 2015 er áætlað að 10% ferðamanna til Íslands hafi farið á Norðurland en aðeins rúmlega 4% gesta sem komu til Íslands yfir dimmstu vetrarmánuðina; janúar, febrúar, nóvember og desember.
- Áætlað er að 309 þúsund erlendir næturgestir á Norðurlandi árið 2015 hafi gist þar í 3,2 nætur að jafnaði; í alls 998 þúsund nætur eða um 12% af erlendum gistinóttum á Íslandi. Árið 2010 er hins vegar áætlað að 15% af erlendum gistinóttum á Íslandi hafi verið á Norðurlandi og landshlutinn því misst um 20% hlutdeild í erlendum gistinóttum á tímabilinu.
- Þá er áætlað að gistinóttum erlendra ferðamanna á Norðurlandi hafi fjölgað úr 516 þúsund árið 2010 í 998 þúsund 2015, eða nær tvöfaldast. Þar af fjölgaði þeim úr 466 þúsund í 758 þúsund að sumarlagi, um 63%, en úr 50 í 240 þúsund utan sumars, eða 4,8 falt (380%).
- Árið 2015 er áætlað að 40% af erlendum gistinóttum á Norðurlandi hafi verið í Eyjafirði, 35% í Þingeyjarsýslum, 13% í Skagafirði og 12% Húnavatnssýslum.

### Erlendir ferðamenn í Húnavatnssýslum

---

- Áætlað er að 135 þúsund erlendir ferðamenn hafi farið um Húnavatnssýslur árið 2010 en 267 þúsund árið 2015. Samkvæmt því tvöfaldaðist fjöldi þeirra frá 2010. Þetta þýðir að 21% erlendra ferðamanna til Íslands með flugi eða ferju árið 2015 komu í Húnavatnssýslur en 27,5% þeirra árið 2010. Samkvæmt því hefur hlutdeild Húnavatnssýslna í komum ferðamanna dregist saman um 24% á tímabilinu.
- Sumarmánuðina er áætlað að erlendum gestum sem komu í sýslurnar hafi fjölgað úr 116 þúsund árið 2010 í 198 þúsund árið 2015, eða um 71%. Hins vegar fjölgaði erlendum vetrargestum þar mikið meira á sama árabili, úr 20 þúsund í 70 þúsund, eða 3,5 falt (250%).
- Erlendar gistinætur í Húnavatnssýslum eru áætlaðar 122 þúsund árið 2015, um 1,4% af erlendum gistinóttum á Íslandi það ár.

### Erlendir ferðamenn í Skagafirði

---

- Áætlað er að 142 þúsund erlendir ferðamenn hafi farið um Skagafjörð árið 2010 en 280 þúsund árið 2015. Samkvæmt því fjölgaði þeim tvöfalt frá 2010 til 2015. Þetta þýðir að 22% erlendra ferðamanna til Íslands með flugi eða ferju árið 2015 komu í Skagafjörð en 29% þeirra árið 2010. Samkvæmt því hefur hlutdeild Skagafjarðar í erlendum gestum dregist saman um 24% á tímabilinu.

- Sumarmánuðina er áætlað að erlendum gestum sem komu í Skagafjörð hafi fjölgað úr 121 þúsund árið 2010 í 207 þúsund árið 2015, eða um 71%. Hins vegar fjölgaði erlendum vetrargestum í Skagafirði mikið meira á sama árabili, úr 21 þúsund í 73 þúsund, eða 3,5 falt.
- Erlendar gistinætur í Skagafirði eru áætlaðar 128 þúsund árið 2015, um 1,5% af erlendum gistinóttum á Íslandi það ár.

### Erlendir ferðamenn í Eyjafirði

---

- Áætla má að 151 þúsund erlendir ferðamenn hafi farið um láglandi Eyjafjarðar árið 2010 en 334 þúsund árið 2015. Samkvæmt því fjölgaði þeim 2,2 falt frá 2010 til 2015 (120%). Samkvæmt því komu 26% erlendra ferðamanna til Íslands með flugi eða ferju árið 2015 í Eyjafjörð en 31% þeirra árið 2010. Því hefur hlutur Eyjafjarðar af gestum til Íslands dregist saman um 16% á tímabilinu.
- Sumarmánuðina þrjá er áætlað að erlendum gestum sem komu í Eyjafjörð hafi fjölgað úr 132 þúsund árið 2010 í 240 þúsund árið 2015, eða um 82%. Hins vegar fjölgaði erlendum vetrargestum í Eyjafirði mikið meira á sama árabili, úr 19 þúsund í 94 þúsund, eða 4,9 falt (390%).
- Erlendar gistinætur í Eyjafirði eru áætlaðar 397 þúsund árið 2015, um 4,6% af erlendum gistinóttum á Íslandi það ár.

### Erlendir ferðamenn í Þingeyjarsýslum

---

- Áætlað er að 143 þúsund erlendir ferðamenn hafi farið um Þingeyjarsýslur árið 2010 en 326 þúsund árið 2015. Samkvæmt því fjölgaði þeim 2,3 falt frá 2010 til 2015. Þetta þýðir að 25% erlendra ferðamanna til Íslands með flugi eða ferju árið 2015 komu í Þingeyjarsýslur en 29% þeirra árið 2010. Samkvæmt því hafa Þingeyjarsýslur misst um 14% hlutdeild á tímabilinu 2010 til 2015.
- Sumarmánuðina er áætlað að erlendum gestum sem komu í Þingeyjarsýslur hafi fjölgað úr 127 þúsund árið 2010 í 237 þúsund árið 2015, eða um 86% (1,9 falt). Hins vegar fjölgaði erlendum vetrargestum í sýslunum mikið meira á sama árabili, úr 16 þúsund í um 89 þúsund, eða 5,6 falt.
- Erlendar gistinætur í Þingeyjarsýslum eru áætlaðar 351 þúsund árið 2015, um 4,0% af erlendum gistinóttum á Íslandi það ár.

### Erlendir ferðamenn á Melrakkaslétu og Langanesi

---

- Áætlað er að 32 þúsund erlendir ferðamenn hafi farið um Melrakkaslétu eða Langanes árið 2015, þ.e. að Kópaskeri, Raufarhöfn eða Þórshöfn, en 14 þúsund árið 2010. Samkvæmt því fjölgaði þeim 2,3 falt frá 2010 til 2015 (130%) Þetta þýðir einnig að 2,5% af ferðamönnum til Íslands árið 2015 komu á svæðið.



## 1.0 Inngangur

### 1.1 Kannanir sem stuðst er við

Skýrsla þessi, þ.e. kafli 2.0 um erlenda ferðamenn á Íslandi 2004-2015 og kafli 3.0 um erlenda ferðamenn á Norðurlandi 2010-2015, byggir á niðurstöðum úr könnuninni *Dear Visitors* sem fyrirtækið *Rannsóknir og ráðgjöf ferðaþjónustunnar* (RRF) hefur framkvæmt meðal brottfararfarþega í Leifsstöð frá sumrinu 1996 og síðan nær stöðugt allan ársins hring frá janúar 2004 og til þessa dags. Þá hefur könnunin einnig verið framkvæmd á sumrin meðal ferðamanna með Norrænu á Seyðisfirði. Þar hefur frá árinu 1996 og stöðugt allt árið frá 2004 verið spurt hvort ferðamenn hafi komið á eftirtalin svæði á Norðurlandi: Húnavatnssýslur, Skagafjörð, Eyjafjörð og Þingeyjarsýslur. Einnig hafa erlendir ferðamenn verið spurðir hvort þeir gistu á þessu svæðum og þá í hve margar nætur.

Hér verður lögð áhersla á að skoða þessar upplýsingar fyrir árið 2015 með samanburði við árin 2013 og 2010 til að varpa ljósi þróunina á þessu sex ára tímabili. Að jafnaði tóku 3-4 þúsund erlendir gestir þátt í *Dear Visitors* könnuninni hvert þeirra ára sem hér er unnið með.

### 1.2 Úrvinnsla

Við úrvinnslu niðurstaðna eru erlendir ferðamenn í *Dear Visitors* könnunum RRF sem komu til Íslands eða heimsóttu svæðin fjögur á Norðurlandi skoðaðir sem heild. Jafnframt er skoðaður munur á komugestum, næturgestum og fjölda gistinátta erlendra gesta á svæðin að sumri og utan sumars og eftir mánuðum árin 2015, 2013 og 2010. Eins verður þróun þessara þátta skoðuð fyrir allt Norðurland. Jafnframt verður fjallað um muninn á komum ferðamanna eftir búsetu þeirra (markaðssvæðum) o.fl. Ferðamenn í *Dear Visitors* könnuninni eru flokkaðir eftir sex markaðssvæðum eftir búsetu. Gestir utan þeirra svæða eru hafðir saman undir "önnur svæði".

Tafla 1.1 Skilgreining á markaðssvæðum

Markaðssvæði	Lönd
Norðurlönd	Noregur, Svíþjóð, Finnland og Danmörk.
Mið-Evrópa	Þýskaland, Pólland, Tékkland, Austurríki og Sviss.
Benelux löndin	Belgía, Holland og Lúxemborg.
Bretlandseyjar	England, Wales, Skotland og Írland.
Suður-Evrópa	Ítalía, Frakkland, Spánn, Portúgal, Grikkland ...
Norður-Ameríka	Bandaríkin, Kanada og Mexíkó.
Önnur svæði	A-Evrópa, Afríka, Asía, Ástralía og S-Ameríka.

Þegar rætt er um tölfræðilegan áreiðanleika niðurstaðna eru svokölluð fráviksmörk notuð sem viðmið. Fráviksmörk eru reiknuð fyrir hverja hlutfallstölu og segja til um það með hve mikilli nákvæmni megi yfirfæra niðurstöður úrtakskönnunar á þann viðmiðunarhóp eða „þýði“ sem til skoðunar er. Í könnuninni *Dear Visitors* 2015 er þýðið t.d. allir erlendir ferðamenn sem komu til

Íslands með flugi eða Norrænu árið 2015, um 1.289 þúsund manns.<sup>1</sup> Áætlað er að 756 þúsund hafi komið utan sumars (59%) en 533 þúsund sumarmánuðina júní, júlí og ágúst (41%).

Í töflu 1.2 má sjá fráviksmörkin eftir því hve stórt úrtakið er og eftir hlutfallstölum. Taflan miðar við 95% öryggismörk sem notuð eru í þessari samantekt.

**Tafla 1.2** Fráviksmörk í úrtakskönnun - allar tölur í %

Fjöldi	5/95	10/90	15/85	20/80	25/75	30/70	40/60	50%
100	4,3	5,9	7,0	7,8	8,5	9,0	9,6	9,8
200	3,0	4,2	5,0	5,5	6,0	6,4	6,8	6,9
400	2,1	2,9	3,5	3,9	4,2	4,5	4,8	4,9
600	1,8	2,4	2,9	3,3	3,6	3,8	4,0	4,2
800	1,6	2,2	2,5	2,9	3,2	3,3	3,6	3,7
1000	1,4	1,9	2,2	2,5	2,7	2,8	3,0	3,1
1200	1,3	1,7	2,0	2,3	2,5	2,6	2,8	2,8
1300	1,2	1,6	1,9	2,2	2,4	2,5	2,7	2,7
1500	1,1	1,5	1,8	2,0	2,2	2,3	2,5	2,5
1700	1,0	1,4	1,7	1,9	2,1	2,2	2,3	2,4
2000	1,0	1,3	1,6	1,8	2,0	2,0	2,1	2,2

**Dæmi um notkun töflunnar:**

Ef 40% svarenda í *Dear Visitors* könnuninni sumarið 2015 (júní-ágúst) kváðust hafa komið á ákveðinn verður frávikíð frá gefnu hlutfalli +/- 2,7%, miðað við um 1.300 svarendur er tóku þátt í könnuninni. Ef það hlutfall hefði hins vegar verið 10% verður frávikíð +/- 1,6%.


<sup>1</sup>. Hér er stuðst við talningu Ferðamálastofu meðal brottfararfarþega í Leifsstöð, tölur Austfars hf um farþega með Norrænu og upplýsingar frá Isavia um ferðamenn um flugvöllina í Reykjavík, á Akureyri og Egilsstöðum.

## 2.0 Erlendir ferðamenn á Íslandi 2004-2015

### 2.1 Ferðamenn með flugi og ferju, gistinætur þeirra og samsetning

Erlendum gestum til Íslands með flugi fjölgaði verulega á árunum 2004-2007. Fjöldi þeirra stóð síðan nokkurn veginn í stað 2008-2010 en 2011-2015 hefur verið einstaklega mikil fjölgun (20-30% á ári). Niðurstaðan er sú að erlendum ferðamönnum til Íslands með flugi og

**Mynd 2.1 Fjöldi ferðamanna til Íslands 2004-15**  
ferðamenn með flugi og ferju



ferju 2004-2015, fjölgaði úr 362 þúsund í nálægt 1.289 þúsund (3,6 földun), sem jafngildir rúmlega 12% árlegri fjölgun á þessu 11 ára tímabili.

Helstu ástæður fyrir stöðnuninni 2008-2010 eru einkum þær að í kjölfar bankahrunsins á Íslandi fækkaði verulega fólki sem kom til Íslands til að vinna og einnig þeim sem komu í viðskiptaerindum. Jafn-

framt varð nokkur fækkun á ráðstefnugestum. Hina miklu aukningu síðustu fjögur árin má líklega einkum þakka mikilli umfjöllum um Ísland í öllum helstu fréttamiðlum heimsins í kjölfar eldgossins í Eyjafjallajökli árið 2010, mikilli aukningu á sætaframboði í millilandaflugi og meiri fagmennsku í markaðssetningu Íslands sem áfangastaðar, svo sem markaðsátakið *Inspired by Iceland* undir forystu Íslandsstofu er dæmi um. Tengt því er átakið *Ísland allt árið*. Ánægjulegt er að frá 2011 hefur ferðamönnum utan sumars fjölgað mun meira en sumargestum sem leggur grunn að bættri nýtingu fjárfestinga í greininni. Þannig voru ferðamenn (með flugi og ferju) utan sumartíma 2015 um 59% gesta til landsins en sumargestir 41%.


Gistinætur erlendra ferðamanna hafa lengi verið um helmingi fleiri að sumri en utan þess, þar sem meðaldvöl sumargesta hefur verið nálægt 10 nóttum en vetrargesta um 5 nætur. Þar hefur þó verulega dregið saman síðustu 2-3 ár, einkum vegna meiri fjölgunar vetrargesta en sumargesta. Einnig hefur meðaldvöl sumargesta lítilega verið að stytta og var t.d. tæplega 9 nætur að jafnaði sumarið 2015 samkvæmt könnunum RRF. Þannig má áætla að árið 2015 hafi gistinætur erlendra ferðamanna á Íslandi verið um 8,7 milljónir talsins; þar af um 54% yfir sumarmánuðina en 46% hina níu mánuði ársins (öll gisting meðtalin).

Af gestum frá einstökum markaðssvæðum sem koma til landsins með flugi og ferju voru Norðurlandabúar lengi vel fjölmennastir á ársgrundvelli. Einkum var svo að vetrarlagi, þar til veturinn 2012-2013 þegar gestir frá Bretlandseyjum voru heldur fleiri og hafði þá fjölgað tvöfalt frá vetrinum 2010-2011. Veturinn 2013-2014 juku Bretar þá forystu sína verulega og

enn frekar veturinn 2014-2015. Hins vegar koma Bretar fremur lítið til Íslands að sumarlagi. Að sumri hafa ferðamenn frá Norðurlöndum og Mið-Evrópu (Þýskalandi, Póllandi, Sviss og Austurríki) verið fjölmennastir. Frá sumrinu 2013 hafa ferðamenn frá N-Ameríku og frá löndum utan helsti markaðssvæða blandað sér í toppbaráttuna og sumarið 2015 voru gestir frá N-Ameríku áberandi fjölmennastir gesta frá einstökum markaðssvæðum. Þá koma ferðamenn frá Suður-Evrópu (mest Frakkland, þá Spánn og síðan Ítalía) einnig meira til Íslands að sumarlagi en utan þess. Gestir frá Suður-Evrópu og Mið-Evrópu koma hins vegar mun minna að vetrarlagi. Gestir frá N-Ameríku eru hins vegar á móta fjölmennir að sumri og utan þess, svo sem sést betur á myndum 2.2-2.3, og voru stærsti einstaki markaðshópurinn á Íslandi frá september 2014 til ágúst 2015, um 260 þúsund talsins.


### Myndir 2.2-2.3 Fjöldi erlendra ferðamanna á Íslandi eftir markaðssvæðum

farþegar með flugi og ferju, sumur og vetur 2004-2015<sup>2</sup>



Sumarið 2015 voru um 24% erlendra ferðamanna sem komu til Íslands með flugi eða ferju frá Norður-Ameríku, 18% frá Mið-Evrópu (mest Þjóðverjar), 14% frá Suður-Evrópu, 13% frá Norðurlöndunum, 8% frá Bretlandseyjum/Írlandi, 4% frá Benelux löndunum (mest Hollendingar) og 19% komu annars staðar frá (sjá skilgreiningu á markaðssvæðunum í töflu 1.2).


### Mynd 2.4 Skipting erlendra gesta á Íslandi sumarið 2015 eftir markaðssvæðum



<sup>2</sup> Heimildir: Tölur frá Ferðamálastofu um brottfararfarþega í Leifsstöð, Austfari (Norræna) og ISAVIA.


## 2.2 Ferðamáti og farartæki

**Mynd 2.5 Ferðamáti erlendra sumargesta á Íslandi 1996-2015**



Ferðamáti erlendra ferðamanna hefur breyst mjög frá því að reglubundnar kannanir hófust hjá Rannsóknum og ráðgjöf ferðapjónustunnar (RRF) sumarið 1996. Þá skiptust ferðamenn nánast í tvo jafn stóra hópa; annar var í skipulagðri hópfarð en hinn í ferð á eigin vegum. Þetta breyttist svo hratt á næstu árum þannig að sumarið 2003 voru 67% á eigin vegum, tveir af hverjum þremur, en 33% í hópfarð. Sumarið 2011 var síðan staðan sú að um 80% voru á eigin vegum en 20% í skipulagðri hópfarð. Síðustu árin hafa svo kallaðar "self drive" ferðir vaxið mikið, þar sem ferðin er að hluta skipulögð, gisting bókuð fyrirfram af ferðaskrifstofum/ferðaskipuleggjendum og auk þess er oft bókaður bílaleigubíll en ferðamennirnir keyra sjálfir. Frá sumrinu 2012 hefur RRF spurt um tíðni slíkra ferða. Niðurstaðan er sú að sumarið 2015 sögðust 16% svarenda vera í "self drive" ferð, 71% á eigin vegum og 13% í skipulagðri hópfarð.

**Mynd 2.6 Helstu farartæki erlendra sumargesta á Íslandi 1996-2015**



Aukið sjálfstæði erlendra ferðamanna helst í hendur við mikla aukningu í notkun þeirra á bílaleigubílum og að sama skapi minni notkun á hópfarðabílum og áætlunarbílum. Sumarið 1996 nýttu 50% erlendra gesta sér hópfarðabíl, 20% áætlunarbíl en 21% bílaleigubíl. Sumarið 2003 notuðu svipað margir hópfarðabíl og bílaleigubíl (36-37%) en færri áætlunarbíl (27%). Sumarið 2015 nýttu 56% sér hins vegar bílaleigubíl í ferðum um Ísland, 29% hópfarðabíl (allmargir í dagsferðum frá Reykjavík) og 16% áætlunarbíl. Auk þess eru ferðamenn nokkuð á eigin bílum (Norrænufarþegar), á bílum vina/ættingja á Ísland eða hjóla um landið.


Þá nýttu um 39% gesta utan sumartíma 2015 sér bílaleigubíl (jan.-maí og sept.-des.) en 26% utan sumars 2008. Mun fleiri nota eitthvað hópfarðabíla að vetri (um helmingur gesta) en sumri, enda fara þá fleiri í skipulagðar dagsferðir frá Reykjavík.

## 2.3 Ferðamenn með skemmtiferðaskipum

Gott er að hafa í huga að ferðamönnum sem koma með skemmtiferðaskipum til Íslands hefur einnig fjölgað mikið á síðasta áratug. Þannig komu um 45 þúsund erlendir skemmtiferðaskipagestir til Íslands árið 2004 en um 105 þúsund árið 2014, sem er 133% aukning.<sup>3</sup> Samkvæmt tölum frá Faxafloahöfnum fækkað þeim nokkuð árið 2015, eða í um 100 þúsund með 108 skipum.

Þessir ferðamenn dreifast einkum á mánuðina júní til september en koma einnig lítillga frá mars til maí. Þeir gista nær eingöngu um borð í skipunum og eru því með fáar skráðar gistinætur á Íslandi. Þeir fara hins vegar mikið í ýmiss konar skoðunarferðir út frá viðkomustöðum skipanna og/eða skoða sig um á viðkomandi þéttbýlisstað.

Mynd 2.7 Fjöldi ferðamanna með skemmtiferðaskipum til Íslands 2004-2015




## 2.4 Allir ferðamenn á Íslandi

Á mynd 2.8 má sjá þróunina í áætluðum fjölda allra ferðamanna til Íslands: með flugi, ferjunni Norrænu og skemmtiferðaskipum á tímabilinu 2004-2015. Þar sést að þótt þorri skemmtiferðaskipagesta komi til Íslands að sumarlagi (tæp 80%) þá varð sá viðsnúningur á árinu 2013 að fleiri ferðamenn komu til landsins utan sumartíma en að sumri. Árin 2014 og 2015 fjölgaði ferðamönnun utan sumars

enn frekar. Árið 2015 komu því 56% allra erlendra ferðamanna til Íslands utan sumars en 44% að sumarlagi (júní, júlí, ágúst). Líkur eru á að þessi þróun haldi áfram og að ferðamönnun utan sumartíma fjölgi hraðar en sumargestum á komandi misserum og árum.

Mynd 2.8 Allir ferðamenn til Íslands 2004-2015 flug, ferja og skemmtiferðaskip



<sup>3</sup> Heimild: [www.faxafloahafnir.is](http://www.faxafloahafnir.is)

### 3.0 Erlendir ferðamenn á Norðurlandi 2010-2015


#### 3.1 Erlendir ferðamenn og gistinætur í Húnavatnssýslum

Samkvæmt *Dear Visitors* könnun RRF má áætla að 135 þúsund erlendir ferðamenn hafi farið um Húnavatnssýslur árið 2010, 184 þúsund árið 2013 og 267 þúsund árið 2015 (sbr. mynd 3.1). Samkvæmt því tvöfaldaðist fjöldi þeirra frá 2010 til 2015 og jókst um 45% frá 2013 til 2015. Þetta þýðir einnig að 21% erlendra ferðamanna til Íslands með flugi eða ferju árið 2015 komu í Húnavatnssýslur en 27,5% þeirra árið 2010 (um 490 þúsund ferðamenn til landsins það ár). Samkvæmt því hefur hlutdeild Húnavatnssýslna í komum ferðamanna dregist saman um 24% á tímabilinu.

Sumarmánuðina þrjá er áætlað að erlendum gestum sem komu í sýslurnar hafi fjölgað úr 116 þúsund árið 2010 í 198 þúsund árið 2015, eða um 71%. Hins vegar fjölgaði erlendum vetrargestum þar mikið meira á sama árabili, úr 20 þúsund í um 70 þúsund, eða 3,5 falt (250%).

Þessar niðurstöður sýna að ferðamannatíminn í Húnavatnssýslum hefur lengst á síðust árum og að nú koma ferðamenn þangað einnig í talsverðu mæli að vori en þó einkum að hausti. Hins vegar koma erlendir ferðamenn enn lítið á svæðið yfir dimmustu vetrarmánuðina.


**Mynd 3.1** Áætlaður fjöldi erlendra ferðamanna sem fóru um Húnavatnssýslur eftir mánuðum 2010, 2013 og 2015



<b>2015</b>	1,7	0,8	8,1	7,0	11,1	35,8	82,1	79,6	27,0	9,9	2,7	1,5
<b>2013</b>	2,4	4,0	3,9	5,1	11,7	31,7	50,0	56,4	8,3	5,1	3,0	2,6
<b>2010</b>	1,0	0,2	2,1	2,5	2,5	21,2	45,1	49,5	8,0	2,4	0,5	0,3

Á mynd 3.2 má sjá áætlaðan fjölda og hlutfallsskiptingu erlendra dagsgesta og næturgesta í Húnavatnssýslum eftir mánuðum ársins 2015 (skv. *Dear Visitors* könnun RRF). Þegar allt árið er skoðað er áætlað að af 267 þúsund erlendum gestum þar hafi 103 þúsund gist (39%) en 164 þúsund verið dagsgestir (61%). Um 38% sumargesta gistu í sýslunum og 41% þeirra sem þangað komu utan sumars.


**Mynd 3.2** Áætlaður fjöldi og hlutfall erlendra næturgesta og dagsgesta í Húnavatnssýslum eftir mánuðum 2015



Dagsgestir	78%	38%	37%	57%	60%	58%	62%	64%	58%	81%	41%	80%
Næturgestir	22%	62%	63%	43%	40%	42%	38%	36%	42%	19%	59%	20%

Þeir 103 þúsund erlendu gestir sem gistu Húnavatnssýslum árið 2015 dvöldu þar að jafnaði 1,2 nætur en næturgestir árin 2013 og 2010 í 1,2-1,3 nætur. Þannig eru erlendar gistinætur í Húnavatnssýslum áætlaðar 122 þúsund árið 2015, eða um 1,4% af erlendum gistinóttum á Íslandi það ár, (alls áætlaðar um 8,7 milljónir sbr. kafla. 2.1), 74 þúsund árið 2013 og 60 þúsund árið 2010.<sup>4</sup> Árið 2015 er áætlað að 27% erlendra gistinátta á láglendi Húnavatnssýslna hafi verið utan sumars (32 þúsund) en aðeins 10% árið 2013 og 8% árið 2010. Þetta sést betur á mynd 3.3. Þannig hefur verulegur árangur náðst við að fjölga gistinóttum í sýslunum hlutfallslega utan sumars.

**Mynd 3.3** Áætlaður fjöldi og hlutfall erlendra gistinátta á láglendi Húnavatnssýslna að sumri og utan sumars 2010, 2013 og 2015



Utan sumars	8%	10%	27%
Sumar	92%	91%	73%

<sup>4</sup> Hér eru gistinætur erlendra ferðamanna á hálendi Húnavatnssýslna áætlaðar og meðtaldar. Helsti gististaðurinn þar eru Hveravellir og þar hafa skráðar gistinætur síðust árin verið í um 5 þúsund. Auk þess gista sumarferðamenn nokkuð á hálendi Húnavatnssýslna í húsbílum eða tjöldum á víðavangi eða í gönguskálum. Sjá kafla 5.0.






Haukur í Hvammi í Vatnsdal með hóp erlendra ferðamanna í hestaferð.

Áhugavert er að skoða skiptingu erlendra ferðamanna sem komu í Húnavatnssýslur eftir markaðssvæðum og bera saman við skiptingu allra ferðamanna til Íslands. Árið 2015 er áætlað að af 267 þúsund erlendum gestum í Húnavatnssýslum hafi 66 þúsund verið búsettir í Mið-Evrópu (25% þeirra), 59 þúsund utan okkar helstu markaðssvæða (22%), 48 þúsund í Suður-Evrópu (18%), 41 þúsund í Norður-Ameríku (15%), 27 þúsund á Norðurlöndunum (10%), 14 þúsund á Bretlandseyjum (5%) og 13 þúsund í Benelux löndunum (5%).

**Mynd 3.4** Áætlaður fjöldi og hlutfall erlendra ferðamanna á láglandi Húnavatnssýslna eftir markaðssvæðum árið 2015



Þessi skipting er verulega frábrugðin samsetningu erlendra ferðamanna á Íslandi eftir markaðssvæðum árið 2015 sem sjá má í dálkinum hægra megin við grafið hér að ofan. Þannig er ljóst að erlendir gestir frá Mið-Evrópu, Suður-Evrópu, Benelux löndunum og frá löndum utan okkar helstu markaðssvæða skila sér betur í Húnavatnssýslur en hlutfall þeirra af erlendum gestum til Íslands gæti gefið vísbendingar um. Hins vegar eru ferðamenn frá Bretlandseyjum ólíklegastir til að leggja þangað leið sína og síðan ferðamenn frá Norðurlöndum. Þannig voru Bretar um 19% gesta til Íslands árið 2015 en einungis 5% af erlendum gestum í Húnavatnssýslum.

### 3.2 Erlendir ferðamenn og gistinætur í Skagafirði




Frá Hofsósi.

Samkvæmt *Dear Visitors* könnun RRF má áætla að 142 þúsund erlendir ferðamenn hafi farið um Skagafjörð árið 2010, 191 þúsund árið 2013 og 280 þúsund árið 2015 (sbr. mynd 3.5). Samkvæmt því fjölgaði þeim tvöfalt frá 2010 til 2015 og um 47% frá 2013 til 2015. Þetta þýðir einnig að 22% erlendra ferðamanna til Íslands með flugi eða ferju árið 2015 komu í Skagafjörð en 29% þeirra árið 2010. Samkvæmt því hefur hlutdeild Skagafjarðar í erlendum gestum dregist saman um 24% á tímabilinu.

Sumarmánuðina þrjá er áætlað að erlendum gestum sem komu í Skagafjörð hafi fjölgað úr 121 þúsund árið 2010 í 207 þúsund árið 2015, eða um 71%. Hins vegar fjölgaði erlendum vetrargestum í Skagafirði mikið meira á sama árabili, úr 21 þúsund í 73 þúsund, eða 3,5 falt. Þessar niðurstöður sýna að ferðamannatíminn í Skagafirði hefur lengst á síðust árum og að nú koma ferðamenn þangað einnig í talsverðu mæli að vori en þó einkum að hausti. Hins vegar koma erlendir ferðamenn enn lítið á svæðið yfir dimmustu vetrarmánuðina.


**Mynd 3.5** Áætlaður fjöldi erlendra ferðamanna sem fóru um Skagafjörð eftir mánuðum 2010, 2013 og 2015



<b>2015</b>	2,0	0,7	8,6	7,6	12,3	35,8	87,8	83,6	27,1	10,8	2,1	1,5
<b>2013</b>	2,4	4,1	4,2	5,2	12,0	34,6	51,3	59,2	7,9	5,1	3,0	2,4
<b>2010</b>	1,0	0,2	2,3	2,5	2,6	21,2	47,9	52,0	9,4	2,3	0,3	0,3

Á mynd 3.6 má sjá áætlaðan fjölda og hlutfallsskiptingu erlendra dagsgesta og næturgesta í Skagafirði eftir mánuðum ársins 2015 (skv. *Dear Visitors* könnun RRF). Þegar allt árið er skoðað er áætlað að af 280 þúsund erlendum gestum þar hafi 88 þúsund gisti (31%) en 192 þúsund verið dagsgestir (69%). Um 33% sumargesta sem þar fóru um gistu í Skagafirði en 26% þeirra sem komu utan sumars.


**Mynd 3.6** Áætlaður fjöldi og hlutfall erlendra næturgesta og dagsgesta í Skagafirði eftir mánuðum 2015



Dagsgestir	85%	71%	80%	71%	74%	76%	68%	61%	76%	70%	71%	27%
Næturgestir	15%	29%	20%	29%	26%	24%	32%	39%	24%	30%	29%	73%

Þeir 88 þúsund erlendu gestir sem gistu í Skagafirði árið 2015 dvöldu þar að jafnaði 1,45 nætur, en næturgestir árin 2013 og 2010 í um 1,3 nætur. Þannig eru erlendar gistinætur í Skagafirði áætlaðar 128 þúsund árið 2015, eða um 1,5% af erlendum gistinóttum á Íslandi það ár, 56 þúsund árið 2013 og 57 þúsund árið 2010. Árið 2015 er áætlað að 18% erlendra gistinátta í Skagafirði hafi verið utan sumars, 13% árið 2013 og 5% árið 2010. Þetta sést betur á mynd 3.7. Þannig hefur talsverður árangur náðst við að fjölga gistinóttum í Skagafirði hlutfallslega utan sumars.

**Mynd 3.7** Áætlaður fjöldi og hlutfall erlendra gistinátta í Skagafirði að sumri og utan sumars 2010, 2013 og 2015




Utan sumars	5%	13%	18%
Sumar	92%	91%	82%



Jón Austmann ferjumaður skyggnist yfir Vesturós Héraðsvatna í Skagafirði.

Áhugavert er að skoða skiptingu erlendra ferðamanna sem komu í Skagafjörð eftir markaðssvæðum og bera saman við skiptingu allra ferðamanna til Íslands. Árið 2015 er áætlað að af 280 þúsund erlendum gestum í Skagafirði hafi 71 þúsund verið búsettir í Mið-Evrópu (25% þeirra), 65 þúsund utan okkar helstu markaðssvæða (23%), 50 þúsund í Suður-Evrópu (18%), 39 þúsund í Norður-Ameríku (14%), 27 þúsund á Norðurlöndunum (10%), 16 þúsund á Bretlandseyjum (5,5%) og 13 þúsund í Benelux löndunum (4,5%).

**Mynd 3.8** Áætlaður fjöldi og hlutfall erlendra ferðamanna í Skagafirði eftir markaðssvæðum árið 2015



Þessi skipting er verulega frábrugðin samsetningu erlendra ferðamanna á Íslandi eftir markaðssvæðum árið 2015 sem sjá má í dálkinum hægra megin við grafið hér að ofan. Þannig er ljóst að erlendir gestir frá Mið-Evrópu, Suður-Evrópu, Benelux löndunum og frá löndum utan okkar helstu markaðssvæða skila sér betur í Skagafjörð en hlutfall þeirra af erlendum gestum til Íslands gæti gefið vísbindingar um. Hins vegar eru ferðamenn frá Bretlandseyjum ólíklegastir til að leggja þangað leið sína og síðan ferðamenn frá Norðurlöndum. Þannig voru Bretar um 19% gesta til Íslands árið 2015 en einungis 5,5% af erlendum gestum í Skagafirði.




### 3.3 Erlendir ferðamenn og gistinætur í Eyjafirði

Samkvæmt *Dear Visitors* könnun RRF má áætla að 151 þúsund erlendir ferðamenn hafi farið um Eyjafjörð árið 2010, 223 þúsund árið 2013 og 334 þúsund árið 2015 (sbr. mynd 3.9).<sup>5</sup> Samkvæmt því fjölgaði þeim 2,2 falt frá 2010 til 2015 (120%) og um 50% frá 2013 til 2015. Þetta þýðir einnig að 26% erlendra ferðamanna til Íslands með flugi eða ferju árið 2015 komu í Eyjafjörð en 31% þeirra árið 2010. Samkvæmt því hefur hlutur Eyjafjarðar af gestum til Íslands dregist saman um 16% á tímabilinu.

Sumarmánuðina þrjá er áætlað að erlendum gestum sem komu í Eyjafjörð hafi fjölgað úr 132 þúsund árið 2010 í 240 þúsund árið 2015, eða um 82%. Hins vegar fjölgaði erlendum vetrar-gestum í Eyjafirði mikið meira á sama árabili, úr 19 þúsund í um 94 þúsund, eða 4,9 falt (390%).

Þessar niðurstöður sýna ótvírætt að ferðamannatíminn í Eyjafirði hefur lengst töluvert á síðustu árum og að nú koma ferðamenn þangað einnig talsvert að vori en þó einkum að hausti. Þeir koma einnig nokkuð yfir dimmustu vetrarmánuðina; janúar, febrúar, nóvember og desember. Gosið í Holuhrauni hafði þó greinilega talsverð áhrif til fækkunar fyrstu mánuði ársins 2015. Þá voru veður oft rysjótt utan sumartíma 2015.

**Mynd 3.9** Áætlaður fjöldi erlendra ferðamanna sem fóru um Eyjafjörð eftir mánuðum 2010, 2013 og 2015




<b>2015</b>	2,9	1,2	13,4	9,7	14,5	42,2	102,1	95,5	33,2	13,3	4,3	1,9
<b>2013</b>	2,3	4,7	6,3	6,7	16,3	38,1	58,6	67,1	9,0	7,0	4,0	2,9
<b>2010</b>	1,0	0,2	2,4	2,5	2,7	21,8	52,6	57,4	7,6	2,5	0,2	0,2

Á mynd 3.10 má sjá áætlaðan fjölda og hlutfallsskiptingu erlendra dagsgesta og næturgesta í Eyjafirði eftir mánuðum ársins 2015 (skv. *Dear Visitors* könnun RRF). Þegar allt árið er skoðað er áætlað að af 334 þúsund erlendum gestum þar hafi 198 þúsund gist (59%) en 136 þúsund verið dagsgestir (41%). Um 60% erlendra sumargesta í Eyjafirði 2015 gistu þar og 57% þeirra sem þangað komu utan sumars.

<sup>5</sup> Hér eru farþegar með skemmtiferðaskipum ekki meðtaldir. Þeir voru líklega nálægt 75 þúsund til Akureyrar 2015. Að þeim meðtöldum má áætla erlenda gesti í Eyjafirði rúmlega 400 þúsund í fyrra.

**Mynd 3.10** Áætlaður fjöldi og hlutfall erlendra næturgesta og dagsgesta í Eyjafirði eftir mánuðum 2015




Dagsgestir	14%	33%	55%	37%	30%	37%	47%	34%	42%	62%	37%	11%
Næturgestir	86%	67%	45%	63%	70%	63%	53%	66%	58%	38%	63%	89%

Þeir 198 þúsund erlendu gestir sem gistu í Eyjafirði árið 2015 dvöldu þar að jafnaði í 2,0 nætur, en næturgestir árið 2013 í 2,3 nætur og árið 2010 í 1,8 nætur. Þannig eru erlendar gistinætur í Eyjafirði áætlaðar 397 þúsund árið 2015, eða um 4,6% af erlendum gistinóttum á Íslandi það ár, 286 þúsund árið 2013 og 166 þúsund árið 2010.<sup>6</sup>

Árið 2015 er áætlað að 26% erlendra gistinátta í Eyjafirði hafi verið utan sumars, 29% árið 2013 og 14% árið 2010. Þetta sést betur á mynd 3.11.

**Mynd 3.11** Áætlaður fjöldi og hlutfall erlendra gistinátta í Eyjafirði að sumri og utan sumars 2008, 2013 og 2015



Utan sumars	14%	29%	26%
Sumar	86%	71%	74%


<sup>6</sup> Hér eru gistinætur erlendra ferðamanna á hálendi Eyjafjarðar áætlaðar og meðtaldar. Helsti gististaðurinn þar er Laugafell og þar hafa skráðar gistinætur síðust árin verið nálægt tvö þúsund. Auk þess gista ferðamenn nokkuð á hálendi Eyjafjarðar í húsbílum eða tjöldum á víðavangi eða í göngu-skálum. Sjá kafla 5.0.



Akureyri.

Áhugavert er að skoða skiptingu erlendra ferðamanna sem komu í Eyjafjörð eftir markaðs-  
svæðum og bera saman við skiptingu allra ferðamanna til Íslands. Árið 2015 er áætlað að af 334 þúsund erlendum gestum í Eyjafirði sem komu til landsins með flugi eða ferju hafi 83 þúsund verið búsettir í Mið-Evrópu (25% þeirra), 77 þúsund utan okkar helstu markaðssvæða (23%), 58 þúsund í Suður-Evrópu (17,5%), 54 þúsund í Norður-Ameríku (16%), 29 þúsund á Norður-  
löndunum (8,5%), 19 þúsund á Bretlandseyjum (5,5%) og 14 þúsund í Benelux löndunum (4,5%).

**Mynd 3.12** Áætlaður fjöldi og hlutfall erlendra ferðamanna í Eyjafirði eftir markaðssvæðum árið 2015



Þessi skipting er verulega frábrugðin samsetningu erlendra ferðamanna á Íslandi eftir markaðs-  
svæðum árið 2015 sem sjá má í dálkinum hægra megin við grafið hér að ofan. Þannig er ljóst að erlendir gestir frá Mið-Evrópu, Suður-Evrópu, Benelux löndunum og frá löndum utan okkar helstu markaðssvæða skila sér betur í Eyjafjörð en hlutfall þeirra af erlendum gestum til Íslands gæti gefið vísbendingar um. Hins vegar eru ferðamenn frá Bretlandseyjum ólíklegastir til að leggja þangað leið sína og síðan ferðamenn frá Norðurlöndum. Þannig voru Bretar um 19% gesta til Íslands árið 2015 en einungis 5,5% af erlendum gestum í Eyjafirði.


### 3.4 Erlendir ferðamenn og gistinætur í Þingeyjarsýslum

Samkvæmt *Dear Visitors* könnun RRF má áætla að 143 þúsund erlendir ferðamenn hafi farið um Þingeyjarsýslur árið 2010, 205 þúsund árið 2013 og 326 þúsund árið 2015 (sbr. mynd 3.13).<sup>7</sup> Samkvæmt því fjölgaði þeim 2,3 falt frá 2010 til 2015 og um 59% frá 2013 til 2015. Þetta þýðir einnig að 25% erlendra ferðamanna til Íslands með flugi eða ferju árið 2015 komu í Þingeyjarsýslur en 29% þeirra árið 2010. Samkvæmt því hafa Þingeyjarsýslur misst um 14% hlutdeild á tímabilinu 2010 til 2015.

Sumarmánuðina er áætlað að erlendum gestum sem komu í Þingeyjarsýslur hafi fjölgað úr 127 þúsund árið 2010 í 237 þúsund árið 2015, eða um 86% (1,9 falt). Hins vegar fjölgaði erlendum vetrargestum í sýslunum mikið meira á sama árabili, úr 16 þúsund í um 89 þúsund, eða 5,6 falt.

Þessar niðurstöður sýna ótvírætt að ferðamannatíminn í Þingeyjarsýslum hefur lengst umtalsvert og að nú koma ferðamenn þangað einnig í miklu mæli að hausti (sept., okt.) og talsvert að vori (mars-maí). Hins vegar gengur hægt að fjölga ferðamönnum yfir dimmustu vetrarmánuðina (janúar, febrúar, nóvember og desember). Undanfarna tvo vetur hefur rýsjótt tíðarfarar að vetri haft neikvæð áhrif. Einnig gosið í Holuhrauni og gasmengun frá því veturinn 2014-2015.

**Mynd 3.13** Áætlaður fjöldi erlendra ferðamanna sem fóru um Þingeyjarsýslur eftir mánuðum 2010, 2013 og 2015



<b>2015</b>	2,6	0,6	12,6	9,2	13,5	42,9	97,4	96,5	34,4	11,4	3,4	1,5
<b>2013</b>	1,3	3,0	3,5	5,0	15,7	34,6	60,1	62,8	8,6	5,2	3,6	1,4
<b>2010</b>	1,0	0,3	2,1	2,2	1,3	20,4	50,4	56,5	6,7	1,7	0,2	0,2

Á mynd 3.14 má sjá áætlaðan fjölda og hlutfallsskiptingu erlendra dagsgesta og næturgesta í Þingeyjarsýslum eftir mánuðum ársins 2015 (skv. *Dear Visitors* könnun RRF). Þegar allt árið er skoðað er áætlað að af 326 þúsund erlendum gestum þar hafi 195 þúsund gíst (60%) en 131

<sup>7</sup>. Hér eru farþegar með skemmtiferðaskipum ekki meðtaldir en þeir voru líklega nálægt 75 þúsund til Akureyrar árið 2015. Samkvæmt upplýsingum frá Sérleyfisbílum Akureyrar fóru um 45 þúsund þeirra (60%) í skoðunarferðir; þar af um 36 þúsund í Suður-Þingeyjarsýslu. Að þessum gestum meðtöldum má því áætla heildarfjölda erlendra gesta í Þingeyjarsýslum rúmlega 360 þúsund árið 2015.






Ferðamenn við Goðafoss.

þúsund verið dagsgestir (40%). Um 62% sumargesta gistu í sýslunum en 54% þeirra sem þangað komu utan sumars.

**Mynd 3.14** Áætlaður fjöldi og hlutfall erlendra næturgesta og dagsgesta Þingeyjarsýslum eftir mánuðum 2015




Dagsgestir	54%	50%	47%	67%	44%	53%	32%	37%	36%	55%	38%	73%
Næturgestir	46%	50%	53%	33%	56%	47%	68%	63%	64%	45%	62%	27%

Þeir 195 þúsund erlendu gestir sem gistu í Þingeyjarsýslum árið 2015 dvöldu þar að jafnaði 1,8 nætur en næturgestir árið 2013 og 2010 í 2,2 nætur að jafnaði. Þannig eru erlendar gistinætur í Þingeyjarsýslum áætlaðar 351 þúsund árið 2015, um 4,0% af erlendum gistinóttum á Íslandi það ár, 267 þúsund árið 2013 og 233 þúsund árið 2010.<sup>8</sup> Árið 2015 er áætlað að 23% erlendra gistinátta í Þingeyjarsýslum hafi verið utan sumars (79 þúsund), 11% árið 2013 og 8% árið 2010. Þetta sést betur á mynd 3.15. Þannig hefur verulegur árangur náðst við að fjölga gistinóttum á svæðinu hlutfallslega utan sumars.


<sup>8</sup>. Hér eru gistinætur erlendra ferðamanna á hálendi Þingeyjarsýslna áætlaðar og meðtaldar. Helstu gististaðir þar eru Drekgil við Öskju og Herðubreiðarlindir. Þar hafa skráðar gistinætur undanfarin ár verið 6-8 þúsund, um þrefalt fleiri í Drekgili en í Herðubreiðarlindum Auk þess gista ferðamenn talsvert á hálendi Þingeyjarsýslna í húsbílum eða tjöldum á víðavangi eða í gönguskálum. Sjá kafla 5.0.

**Mynd 3.15** Áætlaður fjöldi og hlutfall erlendra gistinguáttá á láglandi Þingeyjarsýslna að sumri og utan sumars 2010, 2013 og 2015



Áhugavert er að skoða skiptingu erlendra ferðamanna sem komu í Þingeyjarsýslur eftir markaðssvæðum og bera saman við skiptingu allra ferðamanna til Íslands. Árið 2015 er áætlað að af 326 þúsund erlendum gestum í Þingeyjarsýslum sem komu til landsins með flugi eða ferju hafi 82 þúsund verið búsettir í Mið-Evrópu (25% þeirra), 74 þúsund utan okkar helstu markaðssvæða (23%), 58 þúsund í Suður-Evrópu (17,5%), 49 þúsund í Norður-Ameríku (15%), 31 þúsund á Norðurlöndunum (9,5%), 17 þúsund á Bretlandseyjum (5,5%) og 15 þúsund í Benelux löndunum (4,5%). Sjá nánar á mynd 3.16.

**Mynd 3.16** Áætlaður fjöldi og hlutfall erlendra ferðamanna á láglandi Þingeyjarsýslna eftir markaðssvæðum árið 2015



Þessi skipting er verulega frábrugðin samsetningu erlendra ferðamanna á Íslandi eftir markaðssvæðum árið 2015 sem sjá má í dálkinum hægra megin við grafið hér að ofan. Þannig er ljóst að erlendir gestir frá Mið-Evrópu, Suður-Evrópu, Benelux löndunum og frá löndum utan okkar helstu markaðssvæða skila sér betur í Þingeyjarsýslur en hlutfall þeirra af erlendum gestum til Íslands gæti gefið vísbendingar um. Hins vegar eru ferðamenn frá Bretlandseyjum ólíklegastir til að leggja þangað leið sína og síðan ferðamenn frá Norðurlöndum. Þannig voru Bretar um 19% gesta til Íslands árið 2015 en einungis 4,5% af erlendum gestum í Þingeyjarsýslum.


### 3.4.1 Erlendir ferðamenn á Melrakkaslétu og Langanesi



Fræðsluskilti á Hófaskarðsleið á Melrakkaslétu.

Samkvæmt *Dear Visitors* könnun RRF má áætla að 14 þúsund erlendir ferðamenn hafi farið eitthvað um Melrakkaslétu eða Langanes árið 2010 (þ.e. komið að Kópaskeri, Raufarhöfn eða Þórshöfn), 21 þúsund árið 2013 og 32 þúsund árið 2015 (sbr. mynd 3.17). Samkvæmt því fjölgaði þeim 2,3 falt frá 2010 til 2015 (130%) og um 52% frá 2013 til 2015. Þetta þýðir einnig að 2,5% af ferðamönnum til Íslands árið 2015 komu á þetta norðausturhorn landsins (5% sumargesta en 0,7% gesta utan sumars) en 2,9% þeirra árið 2010. Samkvæmt því hefur svæðið misst um 13% hlutdeild í komum ferðamanna á tímabilinu.

**Mynd 3.17** Áætlaður fjöldi og hlutfall erlendra ferðamanna á Melrakkaslétu og Langanesi að sumri og utan sumars 2010, 2013 og 2015



Utan sumars	5%	8%	15%
Sumar	95%	92%	85%

Samkvæmt þessu komu 10% af erlendum ferðamönnum í Þingeyjarsýslum árið 2015 (af þeim sem komu með flugi eða ferju til landsins) eitthvað á Melrakkaslétu eða Langanes, 11,5% sumargesta þangað en 6% gesta í Þingeyjarsýslum utan sumartíma.


### 3.5 Erlendir ferðamenn á hálendi Norðurlands



Sænsk blaðakona við vatn á Grímstunguheiði.

Samkvæmt *Dear Visitors* könnun RRF má áætla að 108 þúsund erlendir ferðamenn hafi farið eitthvað um hálendi Norðurlands árið 2016, eða 8,4% ferðamanna til Íslands. Þar af hafi 75 þúsund farið þar um að sumarlagi (mest í júlí og ágúst), um 14% sumargesta til Íslands, en 33 þúsund utan sumars (flestir í september), rúmlega 4% gesta utan sumars.

**Mynd 3.18** Áætlaður fjöldi erlendra ferðamanna sem komu á hálendi Norðurlands eftir mánuðum 2015



Þá er lauslega áætlað að gistinætur erlendra ferðamanna á hálendi Norðurlands hafi verið 20-25 þúsund árið 2015.<sup>9</sup> Þar af hafi árið 2015 um 8.000 nætur verið á hálendi Húnavatnssýslna (mest Hveravellir), um 1.000 á hálendi Skagafjarðar, um 3.000 á hálendi Eyjafjarðar (mest Laugafell) og um 10 þúsund á hálendi Þingeyjarsýslna. Áætlað er að um 85% af gistinóttum á hálendi Norðurlands 2015 hafi verið að sumarlagi en um 15% utan sumars (mest í september).

<sup>9</sup> Lauslega er áætlað að gistinætur á helstu gistöðum á hálendi Norðurlands (Hveravöllum, Laugafelli, Herðubreiðarlindum, Drekgili) hafi verið 15-18 þúsund 2015. Þá gistu erlendir ferðamenn í öðrum skálum á hálendi Norðurlands og tjölduðu eða gistu í húsbílum utan skála eða tjaldsvæða.



### 3.6 Erlendir ferðamenn á Norðurlandi öllu




Erlendir ferðamenn á Húsavík að koma úr hvalaskoðunarferð á Skjálfaflóa.

Samkvæmt *Dear Visitors* könnun RRF má áætla að 358 þúsund erlendir ferðamenn hafi komið eitthvað á Norðurland árið 2015 af 1.289 erlendum ferðamönnum til Íslands, eða 28% þeirra. Af þeim er áætlað að 254 þúsund hafi komið að sumarlagi (71%) en 104 þúsund utan sumars (29%).

Alls er áætlað að 533 þúsund ferðamenn með ferju eða flugi hafi komið til Íslands sumarið 2015 en 756 þúsund ferðamenn hina níu mánuði ársins. Samkvæmt því lögðu um 48% erlendra sumargesta 2015 eitthvað leið sína á Norðurland en einungis 14% erlendra ferðamanna utan sumars. Á jaðarmánuðunum mars, apríl, maí, september og október er áætlað að 10% ferðamanna til Íslands árið 2015 hafi farið á Norðurland en aðeins rúmlega 4% gesta sem komu til Íslands yfir dimmustu vetrarmánuðina janúar, febrúar, nóvember og desember.

**Mynd 3.19** Áætlaður fjöldi erlendra ferðamanna á Ísland og á Norðurlandi og hlutfall gesta á Norðurlandi eftir mánuðum 2015






Herðubreið og nágrenni séð frá Möðrudalsvegi.

Karlar voru heldur líklegri til að fara um Norðurland en konur. Þá fer fólk yfir 35 ára þangað hlutfallslega nokkuð meira en þeir sem eru 18-35 ára. Fólk í "self drive" ferð (gisting og e.t.v. fleira skipulagt af öðrum) er líklegast til að heimsækja Norðurland og svæði þar, einkum utan sumars, en að sumarlagi munaði litlu á þeim og gestum sem voru alfarið á eigin vegum eða í skipulagðri hópferð. Ferðamenn í skipulagðri hópferð fór mun minna um Norðurland utan sumartíma en þeir sem voru á eigin vegum eða í self-drive ferð. Í samræmi við það voru þeir sem nýttu sér bílaleigubíla í Íslandsferðinni mun líklegri til að heimsækja Norðurland en fólk sem nýtti eitthvað hópferðabíla eða áætlunarbíla. Munar þar en meiru utan sumars en að sumarlagi. Þá eru ferðamenn með ferjunni Norrænu margfalt líklegri til að koma á Norðurland og svæði þar og einnig að gista þar en sumargestir sem koma til Íslands með flugi.

Af 358 þúsund erlendu gestum á Norðurlandi árið 2015 er ætlað að 309 þúsund hafi gist, eða 85%, en 49 þúsund verið dagsgestir (15%). Þá er áætlað að af 234 þúsund erlendum gestum í landshlutanum árið 2013 hafi 197 þúsund gist (84%) en 37 þúsund verið í dagsferð (16%). Árið 2010 er síðan áætlað að 159 þúsund erlendir ferðamenn hafi lagt leið sína á Norðurland. Þar af hafi 145 þúsund gist (91%) en 14 þúsund verið í dagsferð (9%).

Þannig er áætlað að erlendum næturgestum á Norðurlandi hafi fjölgað 2,1 falt frá 2010 til 2015 (um 110%) en dagsgestum 3,5 falt (um 250%). Heildarfjöldi erlendra gesta á Norðurlandi jókst 2,3 falt á tímabilinu.

**Mynd 3.20** Áætlaður fjöldi og hlutfall erlendra næturgesta og dagsgesta á Norðurlandi 2010, 2013 og 2015




Dagsgestir	9%	16%	14%
Næturgestir	91%	84%	86%

Áætlað er að 309 þúsund erlendir næturgestir á Norðurlandi árið 2015 hafi gist þar í 3,2 nætur að jafnaði; alls í 998 þúsund nætur, eða tæplega 12% af erlendum gistinóttum á Íslandi. Þar af hafi 223 þúsund gist þar sumarið 2015 í 3,4 nætur að jafnaði en 86 þúsund hafi komið utan sumars og gist í 2,8 nætur. Áætlað er að erlendar gistinætur á Norðurlandi hafi verið alls 682 þúsund árið 2013, um 12% af gistinóttum á Íslandi, og 516 þúsund árið 2010, eða 15% af heildinni.

Þá er áætlað að gistinóttum erlendra ferðamanna á Norðurlandi hafi fjölgað úr 516 þúsund árið 2010 í 998 þúsund 2015, eða nær tvöfaldast. Þar af fjölgaði þeim úr 466 þúsund í 758 þúsund að sumarlagi, um 63%, en úr 50 í 240 þúsund utan sumars, eða 4,8 falt (380%).

**Mynd 3.21** Áætlaður fjöldi og hlutfall erlendra gistinátta á Norðurlandi að sumri og utan sumars 2010, 2013 og 2015



Á mynd 3.22 má sjá áætlaða þróun í fjölda og hlutfalli gistinátta á svæðunum fjórum á Norðurlandi 2010-2015. Þar má t.d. sjá að flestar gistináttanna árið 2015 voru í Eyjafirði (40%) og Þingeyjarsýslum (35%), eða um þrefalt fleiri en í Skagafirði (13%) og Húnavatnssýslum (12%).

**Mynd 3.22** Áætlaður fjöldi og hlutfall erlendra gistinátta eftir svæðum á Norðurlandi 2010, 2013 og 2015

